

Grímsnes- og Grafningshreppur
Stjórnsýsluhúsinu Borg
805 Selfoss

Selfossi 28. maí 2025

Efni: Ósk um fjölgun kennslustunda í Grímsnes- og Grafningshreppi 2025 - 2026

Tónlistarskóli Árnesinga óskar eftir fjölgun klukkustunda til tónlistarkennslu í Grímsnes- og Grafningshreppi frá 1. ágúst 2025.

Lægð var í aðsókn að tónlistarnámi í framhaldi af covid, en nú virðist vera komin viðspyrna og umsóknum fjölga á ný.

Veturinn 2024 – 2025 voru kenndar 9,5 klst. í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Biðlisti. Á biðlista í Grímsnes- og Grafningshreppi eru núna 5 umsækjendur, en flestar umsóknir berast skólanum í maí, júní og ágúst. Það má því reikna með einhverri viðbót til hausts.

Ósk. Tónlistarskólinn óskar eftir aukningu sem nemur 4 – 5 klst.

Kostnaður. Hver klukkustund kostar um 1.019.000 kr. á ári. (Innifalið í kostnaði eru auk einkakennslunnar m.a. allir tónfræðitímar, samspil og hljómsveitastarf og allur annar launatengdur kostnaður vegna kennslunnar).

ATH. Sveitarfélagið greiðir aðeins fyrir þær stundir sem nýttar eru.

Virðingarfyllst,

Helga Sighvatsdóttir, skólastjóri